

## L Ö G

## um breyting á lausaskuldum bænda í föst lán.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa.

Bankavaxtabréf þessi skulu eingöngu notuð til þess að breyta í föst lán lausaskuldum bænda, sem hafa ekki fengið nægileg lán til hæfilegs tíma vegna fjárfestinga, sem þeir hafa ráðizt í á jörðum sínum á árunum 1961—1968, að báðum árunum meðtöldum.

## 2. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum skulu aðeins veitt gegn veði í fasteignum bænda, ásamt mannvirkjum, sem á jörðinni eru.

Lánstími skal vera allt að 20 ár. Vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn veðdeildarinnar, að höfðu samráði við ráðherra.

## 3. gr.

Heimilt er ráðherra að leyfa ábúendum ríkisjarða að veðsetja ábúðarjarðir sínar til tryggingar lánnum skv. lögum þessum, enda séu eignir viðkomandi ábúenda í mannvirkjum á ábúðarjörðum þeirra aldrei minni en sem nemur samanlögðum áhvilandi lánnum.

## 4. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum að viðbættum veðskuldum þeim, sem hvíla á fyrri veðréttum, skal ekki nema hærri fjárhæð en 75% af matsverði veðsins.

## 5. gr.

Ákvæði 16. gr. 3. mgr. laga nr. 115 7. nóvember 1941 tekur ekki til bankavaxtabréfa, sem út eru gefin samkvæmt lögum þessum.

## 6. gr.

Að því leyti, sem ekki brýtur í bága við ákvæði laga þessara, gilda ákvæði III. kafla laga nr. 115 7. nóvember 1941 um lánveitingar samkvæmt lögum þessum.

## 7. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, svo og um frekari skilyrði fyrir lánveitingum, ef þurfa þykir.

## 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 2. maí 1969.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*